

Faðir vor

Kveðja

Bubbi Morthens

Par sem englarnir syngja sefur þú
Sefur í djúpinu vera
Við hin sem lifum, lifum í trú
Að ljósið hjarta skæra
Veki þig með sól að morgni
Veki þig með sól að morgni

Faðir minn láttu lífsins sól
Lýsa upp sorgmætt hjarta
Hjá þér ég finn frið og skjól
Láttu svo ljósið þitt hjarta
Vekja hann með sól að morgni
Vekja hann með sól að morgni

Drottinn minn faðir lífsins ljóss
Lát náð þína skína svo blíða
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
Tak burt minn myrka kvíða
Þú vekur hann með sól að morgni
Þú vekur hann með sól að morgni

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
Svala líknarhönd
Og slökk þú hjartans harmabál
Slít sundur dauðans bönd
Svo vaknar hann með sól að morgni
Svo vaknar hann með sól að morgni

Farðu í friði vinur minn kær
Faðirinn mun þig geyma
Um aldur og ævi þú verður mér nær
Aldrei ég skal þér gleyma
Svo vöknum við með sól að morgni
Svo vöknum við með sól að morgni

Svo vöknum við með sól að morgni
Svo vöknum við með sól að morgni

Moldun


Allt eins og blómstrið eina

Hallgrímur Pétursson - L. Antwerpen

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Svo hleypur æskan unga
óvissa dauðans leið
sem aldur og ellin þunga,
allt rennur sama skeið.
Innsigli öngvir fengu
upp á lífsstunda bið,
en þann kost undir gengu
allir að skilja við.

Blessun



Birtir á ný

Orri Harðarson

Er allt í heimi snýr þér öfugt að
og þú finnur hvorki stund né stað
til að elska eða eygja' eitthvað
ólifað

Skin og skúrir einatt skiptast á
fellur að og síðan aftur frá
treginn, líkt og annað, líður hjá
ó, já

Einn á bakka fyrir ofan hyl
eigrar um í þessum hríðarbyl
orðinn leiður á að finna til
vinur, ég skil

Stígur skrefin aftur eitt og eitt
líður betur svona gegnumsneitt
gengst við því sem þú færð ekki breytt
yfirleitt

Því víst hef farið sjálfur þar hjá
staðið jafnvel brúninni á

Og brostin augun verða' aftur blá
sút í brjósti smám saman frá

En svo birti á ný
burtu hurfu ský
og ég þakkaði því
að almættið fer
aldrei í frí

Sjá, það birtir á ný
burt hörfa ský
og við þökkum jú því
að almættið fer
aldrei í frí

Er allt í heimi snýr þér öfugt að
og þú finnur hvorki stund né stað
til að elska eða eygja' eitthvað
verðskuldað

Eftirspil

Prestur: Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir
Umsjón með tónlist: Ólafur Páll Gunnarsson
Tónlistarflutningur: Bubbi Morthens, Davíð Þór Jónsson,
Guðmundur Pétursson, Pálmi Gunnarsson
og Ragnheiður Gröndal
Útfararþjónusta Akraneskirkju

Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni
að athöfn lokinni



Orri Harðarson

Fæddur 12. desember 1972

Dáinn 7. júní 2025



Útför frá Akraneskirkju

mánudaginn 30. júní 2025

Tónlist fyrir athöfn

Forspil
Beðið eftir dætrum
Orri Harðarson

Bæn

Nánd
Orri Harðarson

Vaki vaki einatt yfir þér allt það góða afl sem enginn sér	Fláa veröld viltu gefa grið þeim sem geta ekki eins og við
Höldum illu úti ávallt hér þú örugg ert hjá mér	Vorum minnstu bræðrum færa frið og föllnum leggja lið
Þótt fjarlægðin geri fjöllin blá er fegurðin einatt nær ef þú vilt sjá	Þótt fjarlægðin geri fjöllin blá er fegurðin einatt nær ef þú vilt sjá
Og hugsunin um heilindin að hörfa ei er eitthvað bjátar á	Og hugsunin um heilindin að hörfa ei er eitthvað bjátar á

Ritningarlestur

Minningin lifir
Orri Harðarson

Allt lifir sem deyr áfram í hugum okkar verða þeir og þjást því ekki meir	Það var komið að þér sannlega helst til snemma endir er því allt sem kemur fer
--	---

Góða nótt þú ljúfi drengur drögum fyrir tjöld ég man glaum og gítarslátt um kvöld	Munum við þá aldregi orðstír gleymist góðum hjá því fellur enginn frá
--	--

Eftir sitja enn eflaust í sorg en sjá það birtir senn og ungir verða menn	Góða nótt þú ljúfi drengur drögum fyrir tjöld ég man glaum og gítarslátt um kvöld
--	--

Fengið hefur frið
þrautum frá og grið
gangan löng var og ströng
en áfram munum við
hlátur þinn og söng

Guðspjall

Sönn ást
Orri Harðarson

Lygndi' aftur augum aðframkominn þennan dag mig langaði' að lifa taka aftur þennan slag koma lífi mínu í lag berjast við bresti og böll því ég á vissulega vöð aldrei aftur kvöl	Þetta er sönn ást yndisleg, tær þetta er sönn ást enginn annar þig fær það er sönn ást annað líf en í gær ekki lengur erum hrædd bara ástfangin og endurfædd
---	---

Opnaði augun og ég sá þig koma inn svo friðsæl og fögur þá ég þráði' að verða þinn allt í einu ástfanginn frelsi ég finn	Ólyfjuð augun orðin aftur fagurblá og ég trúí hana á hún er engill sem ég sá
---	---

Þetta er sönn ást yndisleg, tær þetta er sönn ást enginn annar þig fær það er sönn ást annað líf en í gær ekki lengur erum hrædd bara ástfangin og endurfædd

Minningarorð

Lísulag
Orri Harðarson

Ég veit að núið er meira' en nóg fyrir okkur tvö í bili	Og ég veit loks að ástin er obsjón annað og meira en tjón eða tímabundið bliss og bæði við erum nú viss	Fyrir þína tíð Þau trúamatísku ár og táraborgir En ég veit loks að ástin er obsjón annað og meira en tjón eða tímabundið bliss og bæði við erum nú viss Og ég veit loks ...
Saman við siglum loks lygnan sjó eftir höfin sjó á lausum kili	Ég vissi svo fátt um þín fornu stríð þú faldir vel þín sár og sorgir Sjálfur var ég trist	

Bæn

Drög að heimkomu
Orri Harðarson

Ég finn lykt sem fyllir dýpstu vit mín ég finn bragð sem ertir tungubrodd og sólin hún er löngu sest við strandlengjuna líður mér best	Þó að dæmi séu um að dauðir lifi í dulbúinni veröld sem að er ekki til þá kæri ég mig kollóttann ég kannast ei við skaparann
---	---

Vinir mínir kvaka í kór og brimið kyssir þína kletta og daðrar við þig og veturinn er vaknaður en vindurinn er þagnaður	Og mig dreymir fjallið þó ekki sé það hátt og mig dreymir hafið spegilslétt og blátt og mig dreymir fólkið þótt heldur sé það fátt og hugsu einatt heim
--	---

Og mig dreymir fjallið þó ekki sé það hátt og mig dreymir hafið spegilslétt og blátt og mig dreymir fólkið þótt heldur sé það fátt og hugsu einatt heim

Elsku besta móðir viltu eiga mig ég minnst þeirra daga er ég dáði þig og bráðum held ég heim á leið yfir hafið liggur leiðin greið	Og mig dreymir fjallið þó ekki sé það hátt og mig dreymir hafið spegilslétt og blátt og mig dreymir fólkið þótt heldur sé það fátt og hugsu einatt heim
---	---